

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 53/2018

2020/EES/6/19

frá 23. mars 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar,  
prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2326 frá 14. desember 2017 um að samþykkja imíprótrín sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2327 frá 14. desember 2017 um að samþykkja ekki 2-metýl-1,2-bensísóþíasól-3(2H)-ón sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 6 <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2334 frá 14. desember 2017 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir kreósót til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 <sup>(3)</sup>.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

## 1. gr.

Eftirfarandi liðir bætast við á eftir lið 12zzzzze (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1383) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„12zzzzzf. **32017 R 2326**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2326 frá 14. desember 2017 um að samþykkja imíprótrín sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 (Stjttð. ESB L 333, 15.12.2017, bls. 22).

12zzzzzg. **32017 R 2327**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2327 frá 14. desember 2017 um að samþykkja ekki 2-metýl-1,2-bensísóþíasól-3(2H)-ón sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 6 (Stjttð. ESB L 333, 15.12.2017, bls. 25).

12zzzzzh. **32017 D 2334**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2334 frá 14. desember 2017 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir kreósót til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 (Stjttð. ESB L 333, 15.12.2017, bls. 64).“

## 2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2017/2326 og (ESB) 2017/2327 og framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2017/2334, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. mars 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

(<sup>1</sup>) Stjttð. ESB L 333, 15.12.2017, bls. 22.

(<sup>2</sup>) Stjttð. ESB L 333, 15.12.2017, bls. 25.

(<sup>3</sup>) Stjttð. ESB L 333, 15.12.2017, bls. 64.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. mars 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.